

Beint flug frá Akureyri

Dresden

Þýskaland

22.- 26. apríl (Sumardagurinn fyrsti/ frídagur)

Kompaníferðir

Vorið blómstrar í Dresden

Dresden er þekkt fyrir listasögu sína, glæsilegar byggingar og menningarviðburði sem gera borgina einstaka. Á vorin vaknar hún til lífs með blómstrandi görðum, mildu veðri og fjölbreyttum menningarviðburðum!



Gulfalleg kennileiti

Dresden býður upp á menningarperlur eins og Frauenkirche, Zwinger-höllina og Semper-óperuna. Einnig er tilvalið að fara í bátsferð á Elbu, tónleika, njóta kvöldverðar á glæsilegum veitingastöðum, smakka ekta þýska bjóra eða slaka á í stemningsríkum kaffihúsum.

Fyrir þá sem vilja kíkja í verslunarleiðangur er borgin rík af skemmtilegum verslunum og verslunarmiðstöðum.



Ótal veitingastaðir og barir

Í Dresden finnur þú veitingastaði sem bjóða upp á allt frá hefðbundnum saksneskum réttum til spennandi alþjóðlegra bragða – allt í fallegu, sögulegu umhverfi. Í gamla bænum geturðu notið klassískra rétta eins og Sauerbraten og Klöße í notalegrí stemningu sem gerir kvöldið sérstakt.



Fjölbreytt matarmenning

Sophienkeller

Sophienkeller býður upp á einstaka matarupplifun í sögulegu umhverfi. Hér er lögð áhersla á sígilda saksneska rétti, útbúna frá grunni með vönduðu hráefni.

Veitingastaðurinn er staðsettur í hvelfdum kjallara 18. aldar og einkennist af hlýlegu andrúmslofti, sögulegu umhverfi og vingjarnlegri þjónustu.



Kastenmeiers

Kastenmeiers er nútímalegur sjávarréttastaður sem býður upp á fjölbreytt úrval sjávarrétta og léttari rétti með áherslu á árstíðabundin hráefni.

Staðurinn sameinar fágað umhverfi og afslappaða stemningu, með opnu eldhúsi og nútímalegri hönnun.



Cantina Tapas & Bar

Cantina Tapas & Bar býður upp á líflega upplifun úr spænskri matarmenningu. Á matseðlinum má finna klassíska tapasrétti, ferska sjávarrétti og grænmetisrétti.

Staðurinn hentar vel fyrir hópa sem vilja njóta fjölbreyttra rétta saman í vinalegu andrúmslofti í miðborg Dresden.

Villandry

Villandry býður upp á fágaða franska matargerð þar sem matseðillinn endurspeglar klassíska franska bistro-stemningu með nútímalegu ívafi.

Staðurinn leggur áherslu á fersk hráefni, vandaða matreiðslu og vínval sem fullkomnar hverja máltíð.



Barir

Twist Bar

Twist Bar er stílhreinn þakbar með einstöku útsýni yfir miðbæ Dresden. Staðurinn býður upp á fjölbreytta kokteila, og gott úrval af víni og smáréttum.

Barinn er bæði með inni- og útisvæði, svo hægt er að sitja úti í sólinni með ferskt hvítvínsglas og njóta útsýnisins.



Zapfanstalt

Zapfanstalt er líflegur bjórbar í Neustadt-hverfinu. Barinn er með u.þ.b. 20 bjóra á krana, og fjölda fleiri tegunda flöskubjóra. Á krönunum má finna bæði klassíska þýska bjóra og nýjungar frá brugghúsum víðsvegar að.

Staðurinn er vinsæll bæði meðal heimfólks og ferðamanna og býður einnig upp á einfalda barmatseðla.



Notaleg te-og kaffihús

Mikið er um kaffihús í borginni þar sem tilvalið er að tilla sér, slaka á og fylgjast með mannlífinu frá fjarlægð.





Cross River Coffee

Cross River Coffee er nútímalegt kaffihús í hjarta Dresden sem leggur áherslu á vandað hráefni og faglega þjónustu. Boðið er upp á úrval sérvalinna kaffitegunda og létt snarl.

Hentar vel fyrir stutt kaffihlé eða rólega byrjun á deginum í miðborginni, í göngufæri við helstu kennileiti.

URBEAN

URBEAN er fallegt kaffihús í Neustadt-hverfinu. Staðurinn býður upp á gæðakaffi, heilsusamlegan “brunch,” og ferskan hádegismat.

Matseðillinn er fjölbreyttur og inniheldur meðal annars samlokur, skálar, og sætabrauð.







Verslanir

Dresden býður upp á fjölbreytta verslunarmöguleika. Prager Straße og Altmarkt-Blerie eru meðal stærstu verslunarstaða borgarinnar en þar má finna allar helstu fata- og sérverslanir.

Prager StraÙe

Prager StraÙe er helsta verslunargata Dresden og einn vinsælasti verslunarkostur borgarinnar. Á götunni er fjölbreytt úrval alþjóðlegra merkja, fataverslana og verslunarkeðja.

Hér má einnig finna fjölda kaffihúsa og veitingarstaða.

Prager StraÙe tengir sögulega miðborgina við nýrri hverfi og býður upp á þægilegt og aðgengilegt verslunarumhverfi.



Altmarkt-Galerie

Altmarkt-Galerie er verslunarmiðstöð staðsett við sögulega Altmarkt-torgið í miðborg Dresden. Verslunarmiðstöðin inniheldur yfir 200 verslanir, þjónustustöðvar og veitingastaði.

Þar má finna verslanir líkt og Boss, FootLocker, H&M og Guess, svo eitthvað sé nefnt.

Verð & gisting

Eftirfarandi eru verðviðmið á hótélum sem við störfum með í Dresden en listinn er ekki tæmandi og hægt er að biðja um önnur hótél.

Best Western Plus

179.900kr.- á mann í tvíbýli



HolidayInn Express

189.200kr.- á mann í tvíbýli



Motel One Am Zwinger

199.900kr.- á mann í tvíbýli



*Kompaníferðir getur ekki ábyrgst að hótél séu enn laus þegar viðskiptavinir bóka. Ef valið hótél er fullbókað munum við finna saman viðeigandi lausn.



Best Western Plus


Best Western Plus Hotel Dresden City býður upp á rúmgóð herbergi með loftkælingu og sérbaðherbergi. Gestir njóta ókeypis Wi-Fi, sólarvæðis og bars. Hótelíð er nálægt helstu ferðamannastöðum og býður upp á bátsferðir og hjólreiðar í nágrenninu.





Holiday Inn Express

Staðsett í **miðborg Dresden**, á milli aðalstarstöðvarinnar og gamla bæjarins. Hótelid býður upp á loftkæld herbergi með ókeypis Wi-Fi, flatskjásjónvarpi, te- og kaffiaðstöðu, og hjólaleigu til að kanna borgina.





Motel One am Zwinger

Motel One Dresden am Zwinger er **staðsett í sögulega gamla bænum** í Dresden. Hótelid býður upp á nútímaleg, hljóðeinangruð herbergi með loftkælingu, skrifborði og flatskjásjónvarpi. Sérbaðherbergin eru með hárpurrku.



Fyrirtæki á ferð og flugi

Það er okkur heiður að hafa fengið að vinna með fjölda fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi, stórra sem smárra, og skapa minningar sem endast.



Heyrðu í okkur!

Byrjum að skipuleggja þína ferð



info@kompaniferdir.is



433-4000



Skútuvogur 1B, 104 Reykjavík



www.kompaniferdir.is



Kompaníferðir